

371. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 25. mars 2004 kl. 16:30 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet Lára Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason
Hilmar Hallvarðsson, varafulltrúi
Óli Jón Gunnarsson, bærarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bærarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Atvinnumálanefnd, dags. 22.3.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 1.2. Hafnarnefnd, dags. 16.3.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 1.3. Húsnæðisnefnd, dags. 18.3.2004.
Fundargerð lögð fram.
 - 1.4. Stýrihópur Staðardagskrár 21, dags. 16.2.og 22.3.2004.
Fundargerðir lagðar fram.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. 142. stjórnarfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 10.3.2004.
 - 2.2. 44. fundur UKV, dags. 23.1.2004.
 - 2.3. 45. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 25.2.2004.
 - 2.4. 18. fundur LN og LSS, dags. 17.3.2004.
 - 2.5. 711. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20.2.2004.
 - 2.6. Fundagerð héraðsráðs Snæfellinga dags. 1.03.'04
 - 2.7. 47. fundur Breiðafjarðarnefndar dags. 16.02.'04
Fundargerðir framlagðar.
3. Ársskýrsla Skógræktarfélags Stykkishólms 2003.
Ársskýrsla Skógræktarfélags Stykkishólms 2003 lögð fram.
4. Bréf Fjölís dags. 26.02.'04, drög að samningi um fjölföldun verndaðra verka.
Bærarstjóra falið að kanna málið nánar.
5. Svarbréf forstjóra Hafrannsóknarstofnunar, dags. 3.03.'04.
Bréf forstjóra Hafrannsóknarstofnunar lagt fram.
6. Grunnskólaþing sveitarfélaga 26.mars 2004.
Lagt fram til kynningar. Bærarstjóri og embætismenn bæjarins mæta á Grunnskólaþingið.
7. Gjaldskrártillaga fyrir byggingarfulltrúaembættið.
Ákvörðun um gjaldskrártillögu vísað til bærarstjórnar.
8. Bréf Sigurðar Kristinssonar fv. aðalbókara, dags. 18.03.'04.
Bréf Sigurðar Kristinssonar lagt fram. Bæjarráð leggur til að Reynir Ragnarsson endurskoðandi Stykkishólmsbæjar ræði við bréfitara.

9. Lóðarumsóknir.
- a) Hugrún Birgisdóttir, Silfurgötu 27 sækir um Hjallatanga 12.
Bæjarráð samþykkir að veita Hugrúnu Birgisdóttur lóðina að Hjallatanga 12
- b) Alfgeir Marinósson, Skúlagötu 6 sækir um Laufásveg 17.
Bæjarráð samþykkir að úthluta Alfgeiri Marinóssyni lóð að Laufásvegi 17, þegar fyrri umsækjandi hefur skilað lóðinni inn.
10. Bréf landeigenda á Hrísum og Svelgsá vegna vatnstökuréttinda.
Bæjarstjóra falið að ræða við landeigendur.
11. Fundarboð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 26. mars nk.
Lagt fram til kynningar. Rúnari Gíslasyni forseta bæjarstjórnar er falið umboð Stykkishólmsbæjar á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 26. mars n.k.
12. Fyrirkomulag við eyðingu á ref og mink.
Bæjarráð samþykkir að ráðnir verða menn til grennjavinnslu og minkaveiða. Engin verðlaun fyrir veidd dýr verða greidd, nema til ráðina veiðimanna. Heildargreiðslur vegna refa-og minkaveiða, verða ekki hærri en samþykkt fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir.
13. Tilboð í nýtt tölvukerfi fyrir Stykkishólmsbæ.
Bæjarritari gerði grein fyrir tilboðum í nýtt tölvukerfi fyrir Stykkishólmsbæ. Samþykkt að taka tilboði Tölvumiðlunar í nýtt tölvukerfi.
14. Starfsmannamál.
Bæjarráð samþykkir að vísa ákvörðun vegna ráðningar heilsársstarfsmanns til að sinna æskulýðsmálum í bæjarfélaginu til bæjarstjórnar.
15. Bygging Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Hilmar spurði um byggingu Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Bæjarstjóri greindi frá að gengið hefði verið frá samningi við Loftorku Borganesi ehf. um að byggja skólann. Eru þeir langt komnir með sökkla og munu gera nauðsynlegan hluta húsins kennsluhæfan fyrir 29. ágúst 2004. Bæjaráð vill benda á að ef farið hefði verið í útboð, þá hefði ekki verið hægt að byrja verkið fyrr en í maímánuði og útilokað að hægt hefði verið að byrja kennslu n.k. haust. Aðvaranir fulltrúa Stykkisahólmsbæjar vegna stutts byggingartíma voru því fyllilega réttmætar.
16. Fundartími næsta Bæjarstjórnarfundar.
Bæjarráð leggur til að fundurinn verði miðvikudaginn 7. apríl 2004 kl. 17:00

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:15
Þór Örn Jónsson, bæjarritari